



Ólafsfjörður 4. júní 2010

## **Almennt útboð á elduðum mat fyrir nemendur í 1.-6. bekk og starfsfólk í grunnskóla í Fjallabyggð, Ólafsfirði**

Óskað er eftir tilboði í eldaðan hádegismat handa nemendum í 1.-6. bekk og starfsmönnum skólans í Ólafsfirði. Gert er ráð fyrir að skólinn hefjist 1. september 2010 og ljúki 7. júní 2011 og að nemendur fái heita máltíð í hádeginu frá 2. sept. – 3. júní.

### Fjöldi nemenda / starfsmanna og tími:

Nemendur borða í tveimur hópum í 1.-6. bekk og verða u.þ.b. 65 talsins. Starfsmenn eru um 15 alls. Áætlað er að um 80-90% nemenda muni borða eldaðan mat í hádeginu.

Nemendur eru 30 mínútur í hádegismat á tímabilinu 11:50-13:00, 5 daga vikunnar, eða samkvæmt skóladagatali Grunnskóla Fjallabyggðar.

### Bjóðandi:

- Eldar matinn.
- Flytur matinn í móttökueldhús skólans í hitakössum og sækir hitakassana að máltíð lokinni.
- Afgreiðir matinn ásamt starfsmanni skóla.
- Ber ábyrgð á að matur sé nægur fyrir nemendur.
- Greiðir launakostnað vegna síns starfsmanns í hádegi.

### Óskað er eftir:

Tilboði í verð pr. nemanda / starfsmann.

Sýnishorni af matseðli til 8 vikna.

Staðfestingu á samþykktu starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti.

Nýlegri eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlits.

Upplýsingum um framleiðslustað, aðstöðu og búnað í eldhúsi og flutningsmáta frá eldhúsi í skóla.

Upplýsingum um menntun og / eða reynslu starfsfólks.

Sakavottorði.

### Gæðakröfur:

Bjóðandi skal uppfylla ákvæði úr reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvæli sem bjóðandi selur skulu uppfylla öll þau skilyrði sem um þau gilda samkvæmt lögum og reglugerðum. Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla til heilbrigðiseftirlit, ef hann telur þörf á.

Matseðill skal vera í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar sem finna má í Handbók fyrir skólamötuneyti frá 2005.

Fylgst skal með nemendum sem eru með ofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum og skulu þeir fá annars konar heita máltíð.

Tímabil samnings:

Samningstími er tvö ár, frá 2. sept. 2010 – 3. júní 2012.

Vísitöluviðmið:

Verð tekur breytingum samkvæmt þróun vísitölu neysliverðs og reiknast árlega þann 1. september.

Uppsögn:

Samningurinn er uppsejjanlegur af hálfu beggja aðila með 3 mánaðar fyrirvara. Lok uppsagnarfrests miðast þó við í fyrsta lagi við lok næstu annar eftir að uppsögn er tilkynnt.

Tilboð sendist til:

Karítasar Skarphéðinsdóttur Neff, fræðslu- og menningarfulltrúa á skrifstofu Fjallabyggðar, Ólafsvægi 4, 625, Ólafsfirði **fyrir 21. júní 2010**. Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Fjallabyggðar, Ólafsvægi 4, **22. júní** kl.14:00.

Kaupandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

**Vakin er athygli á því að heimilt er að senda inn frávíkstilboð ef ofangreint fyrirkomulag hentar ekki bjóðanda.**

Upplýsingar:

Hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu Lýðheilsustöðvar (lydheilsustod.is – útgefið efni – bækur, bæklingar, kennslufni og skýrslur – næring og holdarfar – handbók fyrir skólamötuneyti) og á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkur, en þar má finna;

Gæðahandbók skólamötuneyta útg. Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Lög um matvæli frá 1995.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu.

Reglugerðir og auglýsingar á matvælasviði.

Fæðuofnæmi og fæðuóþol – upplýsingar fyrir matreiðslufólk í skólamötuneytum.

Nánari upplýsingar veitir:

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu- og menningarfulltrúi

f. h. Fjallabyggðar:

---

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff  
Fræðslu- og menningarfulltrúi

